



## Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 255. fundur.

Miðvikudaginn, 23. mars 2022, kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar. Fór fundurinn fram í gegnum Teams fjarfundabúnaði og hófst klukkan 20.30.

Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Einar Kristján Jónsson, ritaði fundargerð.

### **Mætt voru:**

Jón Gíslason, Þorleifur Ingvarsson, Berglind Hlín Baldursdóttir, Sverrir Þór Sverrisson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Jón Árni Magnússon og Einar Kristján Jónsson.

### **Dagskrá:**

#### **1. Bréf sem boris hafa:**

- a. *Viðari Má Matthíassyni, dagsett, 18. mars 2022.*
  - i. **Efni:** Tilkygning vegna bakkavarna sökum landbrots Vatnsdalsár fyrir landi Eyjólfstaða.
- b. *Lánasjóði sveitarfélaga ohf., ódagsett.*
  - i. **Efni:** Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
- c. *Hveravallafélaginu ehf., dagsett, 11. mars 2022.*
  - i. **Efni:** Fundarboð á aðalfund Hveravallafélagsins ehf.
- d. *Sveitarfélaginu Vogum, tölvupóstur, dagsettur 3. mars 2022.*
  - i. **Efni:** Bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga, sem er áskorun til allra sveitarfélaga í landinu er varðar Suðurnesjalínu 2.

#### **2. Fundargerðir:**

- a. *74. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 1. mars 2022.*

#### **3. Girðingamál:**

#### **4. Frestuð erindi:**

- a. *Frestað erindi frá 252. fundi sveitarstjórnar frá 15. desember 2021.*
  - i. Bréf frá Björgunarfélaginu Blöndu, dagsett, 29. nóvember 2021.

#### **5. Kosning í yfirkjörstjórn sameiginlegs sveitarfélags Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar:**

#### **6. Samkomulag um undirbúning á breyttu skipulagi skólastofnana vegna sameiningar sveitarfélaga:**

#### **7. Starfsmannamál:**

#### **8. Önnur mál:**



Oddviti setti fundinn klukkan 20.30.

### 1. Bréf sem boris hafa:

- a. *Viðari Má Matthíassyni, dagsett, 18. mars 2022.*
  - i. **Efni:** Tilkynning vegna bakkavarna sökum landbrots Vatnsdalsár fyrir landi Eyjólfstaða.
    1. *Lagt fram til kynningar.*
- b. *Lánasjóði sveitarfélaga ohf., ódagsett.*
  - i. **Efni:** Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
    1. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjóri sæki aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., þann 1. apríl næstkomandi, fyrir hönd Húnavatnshrepps.*
- c. *Hveravallafélaginu ehf., dagsett, 11. mars 2022.*
  - i. **Efni:** Fundarboð á aðalfund Hveravallafélagsins ehf.
    1. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Jón Gíslason, oddviti, fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi Hveravallafélagsins ehf., þann 28. mars næstkomandi.*
- d. *Sveitarfélaginu Vogum, tölvupóstur, dagsettur 3. mars 2022.*
  - i. **Efni:** Bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga, sem er áskorun til allra sveitarfélaga í landinu er varðar Suðurnesjalínu 2.
    1. *Lagt fram til kynningar.*

### 2. Fundargerðir:

- a. *74. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 1. mars 2022.*
  - i. *Lagt fram til kynningar.*

### 3. Girðingamál:

- a. *Sveitarstjóri lagði fram drög að auglýsingu, vegna útboðs á girðingaviðhaldi, er viðhaldi girðinga skipt í 6 svæði.*
  - i. *Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að auglýsa eftir tilboðum í girðingaviðhald samkvæmt fyrirliggjandi auglýsingu.*

### 4. Frestuð erindi:

- a. *Frestað erindi frá 252. fundi sveitarstjórnar frá 15. desember 2021.*
  - i. *Bréf frá Björgunarfélaginu Blöndu, dagsett, 29. nóvember 2021.*
    1. *Lagt fram að nýju. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, greindi meðal annars frá því að undir málaflökki, 07 Brunamál og almannavarnir og deild 0780 ýmsir styrkir og framlög er áætlað 550.000 krónur. Sveitarstjórn hefur ekki heimild til að gera breytingar á fjárhagsáætlun ársins 2022.*
      - a. *Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja Björgunarfélagið Blöndu um 500.000 krónur og vísar frekari styrkbeiðnum til nýs sveitarfélags.*



## 5. Kosning í yfirkjörstjórn sameiginlegs sveitarfélags Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar:

- a. Oddviti lagði fram tillögu um að Björn Magnússon, Hólabaki, yrði aðalmaður og Ægir Sigurgeirsson, Stekkjardal, yrði varamaður í yfirkjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninga í sameiginlegu sveitarfélagi Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar, þann 14. maí 2022.
  - i. Tillaga oddvita var samþykkt samhljóða.

## 6. Samkomulag um undirbúning á breyttu skipulagi skólastofnana vegna sameiningar sveitarfélaga:

- a. Oddviti lagði fram samkomulag á milli Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps um undirbúning á breyttu skipulagi skólastofnana vegna sameiningar sveitarfélaga.
  - i. Samkomulagið varðar framkvæmd nauðsynlegra ákvarðana og undirbúnings í starfsmannamálum skólastofnana sveitarfélaganna, þannig að sameining grunnskóla og leikskóla sveitarfélaganna geti komið til framkvæmda fyrir næst komandi skólaár. Stefna sveitarfélaganna er að Blönduskóli og Húnavallaskóli verði sameinaðir í nýjan grunnskóla, og að Barnabær og Vallaból verði sameinaðir í nýjan leikskóla. Sú stefnumörkun var kynnt íbúum og starfsfólki í aðdraganda sameiningarkosninga og mun koma til framkvæmda þegar sameinað sveitarfélag tekur til starfa. Af því leiðir að nauðsynlegt er að taka eftirfarandi ákvarðanir:
    - Hjá Blönduósbæ verða lagðar niður stöður skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Blönduskóla. Jafnframt verða stöður skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Barnabæjar lagðar niður.
    - Hjá Húnavatnshreppi verður lögð niður staða skólastjóra Húnavallaskóla, en stofnunin rekur jafnframt leikskóla.
    - Sveitarfélögin munu hvort tilkynna starfsmönnum viðkomandi sveitarfélags um niðurlagningu staðanna og uppsagnir á grundvelli þess fyrir 1. apríl 2022.

Öðrum starfsmönnum en þessum tilgreindum stjórnendum verða boðin störf í nýjum skóla, án auglýsingar.

Í samræmi við stefnu sveitarfélaganna um skipulag skólastofnana í sameinuðu sveitarfélagi skulu eftirfarandi störf auglýst:

- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri grunnskóla sameinaðs sveitarfélags.
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri leikskóla sameinaðs sveitarfélags.

Húnavatnshreppi er falið, fyrir hönd sveitarfélaganna, að annast auglýsingu starfanna og skal auglýsing koma fram eigi síðar en 15. apríl og gert ráð fyrir að umsóknarfrestur verði a.m.k. til 15. maí 2022. Sveitarstjórar Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar skulu sameiginlega undirbúa auglýsingu og leita ráðgjafar hjá Hagvangi í ráðningarmálum varðandi efni auglýsingar.



Val á milli umsækjenda um störf skólastjóra skal fara fram á vegum sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags. Val á milli umsækjenda um störf aðstoðarskólastjóra skal vera á hendi skólastjóra nýrra skólastofnanna.

1. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samkomulag á breyttu skipulagi skólastofnana vegna sameiningar sveitarfélaga.

## 7. Starfsmannamál:

- a. Berglind Hlín Baldursdóttir vék af fundi undir þessum lið.
- b. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir samhljóða að segja skólastjóra Húnavallaskóla, upp störfum frá og með 1. apríl 2022.
  - i. Ástæða uppsagnarinnar er sameining sveitarfélaganna Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps. Samkomulag hefur orðið um það að lagðar verði niður stöður skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Blönduskóla, skólastjóra og aðstoðarskólastjóra leikskólans Barnabæjar og staða skólastjóra Húnavallaskóla, sem jafnframt hefur rekið leikskóla.

## 8. Önnur mál:

- a. Sveitarstjóri greindi frá því að Húnavatnshreppur hefði fengið eftirfarandi styrki úr Húsafriðunarsjóði vegna ársins 2022.
  - i. Kúluqvíslarskáli við Kjalveg, 300.000 krónur vegna viðgerðar á hleðslum á suðurhlíð.
  - ii. Skólahúsið á Sveinsstöðum, 800.000 krónur vegna frágang við glugga og hurð, endurgerð skorsteins og þakkants.
  - iii. Gamla sæluhúsið á Hveravöllum, 1.400.000 krónur viðgerðar á vegghleðslum og torfþekju.

Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundargerð verður undirrituð síðar.  
Fundi slitið kl. 21.58

\_\_\_\_\_  
Jón Gíslason

\_\_\_\_\_  
Sverrir Þór Sverrisson

\_\_\_\_\_  
Berglind Hlín Baldursdóttir

\_\_\_\_\_  
Ragnhildur Haraldsdóttir

\_\_\_\_\_  
Þorleifur Ingvarsson

\_\_\_\_\_  
Ingibjörg Sigurðardóttir

\_\_\_\_\_  
Jón Árni Magnússon

\_\_\_\_\_  
Einar Kristján Jónsson